

NÁTTÚRUFRÆÐISTOFNUN NORDURLANDS

(THE AKUREYRI MUSEUM OF NATURAL HISTORY)

P.O.BOX 580 - 602 AKUREYRI - ICELAND

**GREINARGERÐ TIL VEGAGERÐAR RÍKISINS, AKUREYRI**

**EFNISNÁM VEGNA VEGAGERÐAR UM MÝVATNSÖRÆFI, (AUSTARIBREKKA - JÖKULSÁ)**

Halldór G. Pétursson  
jarðfræðingur

Akureyri, ágúst 1993

## EFNISNÁM VEGNA VEGAGERÐAR UM MÝVATNSÖRÆFI, (AUSTARIBREKKA - JÖKULSÁ).

Greinargerð þessi er önnur greinargerðin um efnisnám á Mývatnsöræfum, og er nú fjallað um vegarkaflann frá Austaribrekku að Jökulsá. Sú fyrri fjallaði um vegarkaflann frá Sandfelli að Austaribrekku.

Hér á eftir verður hugsanlegum efnistökusvæðum lýst, en staðsetning þeirra er gefin á mynd 1.

**NÁMUSVÆÐI A:** Þessu námusvæði (mynd 1), sem er á Austaribrekku var lýst í fyrri greinargerð. Á þessu svæði er mjög mikið magn jökulruðnings, en hluti hans verður notaður sem fylliefni í vegarkaflann sem núna er í byggingu. Auk þess er þarna svæði sem gæti gefið af sér a.m.k.  $240.000 \text{ m}^3$  af jökulruðningi, sem nýtist sem fylliefni við byggingu vearins til austurs.

**NÁMUSVÆÐI 1 (mynd 2): Fylliefnisnáma.** Námusvæðið er rétt vestan við gígana Vegarsveina (sjá mynd 1). (Reyndar virðist mér einn gíganna lenda í veglinunni og er sjálfsagt að nota gjallið úr honum í annað en fyllingar).

Þarna er um a.m.k. two efnistökumöguleika að ræða. Annars vegr svæði A, en það er hóll við núverandi veglinu. Í hólinn er gömul gryfja (ca. 1.5 m djúp) og þar sést að hólinn er gerður hörðum, fínkorna jökulruðningi, sem inniheldur völur og einstaka steina og hnallunga. Ruðningurinn er það harður að hann verður vart unninn öðruvísi en að brjóta hann upp með stórrri jarðýtu með ripper. Með því að vinna námunu í allar áttir út frá núverandi gryfju og að gryfjudýpi sé um 3 m (hugsanlegt er að komast dýpra), tel ég að þarna sé hægt að ná um  $105.000 \text{ m}^3$  af jökulruðningi. Svæðið er algróið (nema gamla gryfjan) og reikna má með að jarðvegsþykkt sé um 1.5 m. Þarf því að fjarlægja a.m.k.  $45.000 \text{ m}^3$  af jarðvegi.

Svæði B er ás, en þar sem núverandi veglína sker hann er blindhæð. Líklegt er að þarna þurfi að koma til talsverð skering og er því tilvalið að vinna efni til norðurs og suðurs frá henni. Þarna ættu að vera a.m.k.  $225.000 \text{ m}^3$  af jökulruðningi miðað við að gryfjudýpi sé 3 m. Fjarlægja verður um  $112.500 \text{ m}^3$  af jarðvegi, því ásinn er algróinn og jarðvegsþykkt um 1.5 m.

Hugsanlega má að tengja svæði A og B saman í eina risagryfju, eða koma jarðvegi fyrir í lænunni milli svæðanna. Norðan við svæði A og B er stórværð algróin hæð (svæði C), sem virðist mjög vænleg til efnisnáms. Norðan megin í henni leynast þó sennilega klappir og verður því að grafa í hana áður en efnisnám er ákvæðið. Auki þess er þetta svæði (C) það gróið að efnisnám er vart verjandi.

**NÁMUSVÆÐI 2 (mynd 3): Fylliefnisnáma.** Þetta svæði er í miðju Sveinahrauni (sjá mynd 1) og eru þarna einu nánumöguleikarnir á stóru svæði. Þarna er ás gerður úr hörðum,

fínkorna jökulruðningi með völum og stöku steinum og hnullungum. Þetta efni verður að vinna með stórrri jarðýtu með ripper. Tvær litlar gamlar gryfjur eru í ásinn og tel ég að barna fáist um  $75.000 \text{ m}^3$  af jökulruðningi, miðað við að gryfjudýpi sé 4 m. Yfirborð ássins er nokkuð moldarblandið og hugsanlega verður að fjarlægja um  $4000 \text{ m}^3$  af yfirborði melanna áður en vinnsla hefst.


**NÁMUSVÆÐI 3 (mynd 4): Fylliefnispáma.** Þetta svæði er austur við svonefnt Skógarholt (sjá mynd 1). Þarna er um a.m.k. two nánumöguleika að ræða. Svæði A, sem er til suðurs frá opinni gryfju í harðann, fínkorna jökulruðning með völum og stöku steinum og hnullungum. Þetta efni verður sennilega að vinna með stórrri jarðýtu með ripper. Ég tel að barna fáist a.m.k.  $360.000 \text{ m}^3$  af jökulruðningi, miðað við að gryfjudýpi sé 4 m. Melarnir eru ógrónir þannig að aðeins þarf að fjarlægja einstaka foksandskafla, sem hugsanlega má blanda saman við fylliefnið.

Svæði B er svo sjálft Skógarholtið til suðurs, en þar eru meira en  $1.000.000 \text{ m}^3$  af samskonar jökulruðningi og lýst var á svæði A. Þykkt ruðningsins er a.m.k. 6-7 m í austanverðu holtinu.


**NÁMUSVÆÐI 4 (mynd 5): Efra og neðra burðarlag, malað efni.** Við Hrossaborg finnst farvegur mikils vatnsfalls. Sennilega er hér um að ræða gamlann hlaupfarveg e.t.v. myndaður við einhverskonar hamfarahlaup. Hugsanlega sama hlaupið og skóf hlíðar Hrossaborgar. Í farveginum eru setmyndanir. Mest er þarna af grófum sandi með völum og steinum. Í sandinn voru grafnar 3 holur (sjá mynd 5), 3-4 m á dýpt og var hvergi farið niður úr sandinum. Efri hluti sandsins er tiltölulega fíngerður, en verður malarríkari eftir því sem neðar dregur. Vegagerðinni var afhent prufa af þessu efni til frekari könnunar og er hér líklega komið efni sem henntar bæði í neðra og efra burðarlag. Efnismagn í reit sem í norðri afmarkast af þjóðvegi, í suðri af gamalli gryfju, í vestri af veginum að Öskju og í austri af klöppum (misgengi?) er a.m.k.  $300.000 \text{ m}^3$ , miðað við að þykkt sandsins sé 3 m. Efnismagn er þó mun meira því myndunin teygir sig langt til norðurs og samskonar sand er að finna við Skógarholt, vestan megin í farveginum.

Í miðjum farveginum umhverfis læk/á sem þar rennur er að finna laust grjót, sem mér þykir líklegt að sé grófasti hluti hlaupsetsins og liggi undir sandinum. Þetta eru bæði steinar og grettistök. Hugsanlega má mala þetta efni, blanda því saman við sandinn og mölina og nota í slitlagsefni. Auðveldast virðist að ná grjóti til mölunar vestan við holu 1/gryfju (sjá mynd 5).

**NÁMUSVÆÐI 5 (sjá mynd 1):** Á austurbakka Jökulsár eru sléttir melar sem eru gerðir tiltölulega grófu en hreinu efni, mest möl og steinum. Þykkt malarinnar er a.m.k. 2 m og er þarna um mikið efnismagn að ræða ( $>300.000 \text{ m}^3$ ). Þetta efni hentar vel sem burðarlag og það má eflaust mala í slitlag.



Mynd 1. Námusvæði milli Austaribrekkur og Jökulsár.



MYND 2 NÁMLISVÉÐI 1.  
(FYLЛИEFNI)

MÖGLLEIKI:

Ⓐ AMK  $105.000 \text{ m}^3$  JÖKULRUÐNINGUR  
 $45.000 \text{ m}^3$  JARÐVEGUR

Ⓑ RMK  $225.000 \text{ m}^3$  JÖKULRUÐNINGUR  
 $112.500 \text{ m}^3$  JARÐVEGUR



MYND 3 NÁMLUSVÉÐI 2  
(FYLLIÆFNI)

CA.  $75.000 \text{ m}^3$  JÖKULRUÐNINGUR

HUGSANLEGA  $4000 \text{ m}^3$  MOLD/FOK



(GRYFJA)

(A)

(B)

MYND 4. - NÆMULSVÆÐI 3  
(FYLLIEFNI)

MÖGULEIKI:

(A) AMK  $360.000 \text{ m}^3$   
JÖKUL RUÐNINGUR

(B)  $> 1000.000 \text{ m}^3$   
JÖKUL RUÐNINGUR

FOKSANDUR/MELAR - YFIR BORD

MYND 5.

NÁMUSVÆÐI 4.

VID HROSSABORG.

